



Aukning kaupmáttar í sumar – nýjar mælingar á launabróun

Launþegum fjölgað enn á milli ára

Í júní voru um 202 þúsund launþegar á íslenskum vinnumarkaði og hafði þeim fjölgað um 3.500 frá júní 2017, eða um 2%. Launþegum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fjölgaði mest á þessu tímabili, um u.þ.b. 900 eða um 7%. Á sama tímabili fækkaði launþegum um 400 í sjávarútvegi, eða sem nemur -4%.

Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal, frá júlí 2017 til júní 2018, fengu að meðaltali um 192.000 einstaklingar greidd laun sem var aukning um 7.500 (4,1%) samanborið við 12 mánaða tímabil ári fyrr. Launþegum er enn að fjölga, en í mun minna mæli en verið hefur á síðustu árum eins og munurinn á milli breytinga ársmeðaltala og breytinga milli ára sýnir glögglega.


Áframhaldandi hækkun launavísitölu

Launavísitalan hækkaði um 0,7% milli maí og júní og hafði þá hækkað samtals um 3% í maí og júní sem svarar til áfangahækkunar á almennum markaði í byrjun maí. Vísitalan hefur þrátt fyrir það lækkað nokkuð á ársgrundvelli. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hafði verið nokkuð stöðugur í rúmlega 7% í u.þ.b. ár en er nú kominn niður fyrir 6%. Meginskýring lækkunar á ársbreytingu vísitölu eru minni launabreytingar í maí í ár en í fyrra, en áfangahækkanir í almennum kjarasamningum voru í maí bæði í ár og í fyrra.

Kaupmáttur tekur stökk upp á við


Verulega hefur hægt á aukningu kaupmáttar launa frá því sem mest var og hefur kaupmáttur verið nokkuð stöðugur frá því um mitt ár 2017. Þar sem verðlag hækkaði einungis um hálf prósent samtals í maí og júní tók kaupmáttur stökk upp á við og jókst um 2,4% milli apríl og júní. Kaupmáttur launa var 3,2% meiri nú í júní en hann var fyrir ári. Frá upphafi árs 2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um tæp 24%, eða u.þ.b. 7% á ári. Það er

Breyting fjölda launþega milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launabróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



veruleg aukning, bæði sögulega séð og í samanburði við önnur lönd.

Ný vísitala heildarlauna

Nýlega birti Hagstofan nýja vísitölu heildarlauna. Nýja vísitalan er dálítið frábrugðin hinni hefðbundnu launavísitölu og er ætlað að sýna þróun launa á vinnustund fyrir fasta samsetningu vinnutíma. Gamla launavísitalan, sem hefur verið í notkun lengi, byggir einungis á breytingum reglulegra launa þar sem hvorki er tekið tillit til tilfallandi yfirvinnu né óreglulegra greiðslna.

Hin nýja vísitala heildarlauna byggir hins vegar á öllum greiddum launum deilt með heildarfjölda greiddra stunda og er ætlað að endurspegla launaþróun fyrir vinnustund að teknu tilliti til breytinga á hlutfalli vinnuafls með há eða lág laun, breyttu hlutfalli yfirvinnustunda og samspili þessara þátta. Vísitala heildarlauna tekur þannig tillit til yfirvinnu, kaupauka, árlegra eingreiðslna og annarra óreglulegra þátta sem eru ekki hluti af launavísitölu. Þannig má segja að vísitala heildarlauna sé mun nær þeim tekjuhugtökum sem notuð eru í þjóðhagsreikningum en gamla launavísitalan.

Meiri sveiflur í vísitölu heildarlauna


Vísitala heildarlauna sveiflast meira en launavísitalan og er með reglulegar ársfjórðungssveiflur. Þannig lækka heildarlaun á greidda stund alltaf á 3. ársfjórðungi þegar starfsfólki fjölgar á sumarmánuðum þannig að hálaunastörf vega minna. Að sama skapi hækka heildarlaun á 4. ársfjórðungi þegar áhrifa sumarstarfsfólks gætir ekki lengur af. Þá koma líka til ótímamældar greiðslur eins og desemberuppbót án þess að deilitala greiddra stunda hækki.

Áhrif vinnutíma koma betur fram


Milli áranna 2008 og 2017 hækkaði vísitala heildarlauna um tæp 72% en á sama tíma hækkaði launavísitalan um tæp 79%. Með öðrum orðum hafa heildarlaun hækkað minna en laun pr. vinnustund sem gömlu launavísitölunni er ætlað að mæla. Helsta ástæðan fyrir þessum mun er stytting vinnutíma sem kemur fram í vísitölu heildarlauna en ekki í launavísitölunni.

Frá 1. ársfjórðungi 2008 fram á 1. ársfjórðung 2018 hafa heildarlaun á almenna vinnumarkaðnum


Tvær launavísitölur



Heildarlaun á tveimur mörkuðum



Vísitala heildarlauna og launavísitala






hækkað um 67% en heildarlaun á opinbera markaðnum um 85%. Ætla má að minni stytting vinnutíma á opinbera markaðnum skýri mestan hluta af þessum mun. Sé hins vegar litið á heildarlaun milli 1. ársfjórðungs 2017 og 2018 var breytingin 4,4% á almenna markaðnum og 5,1% á þeim opinbera. Gamla launavísitalan segir hins vegar að hækkunin á almenna markaðnum hafi verið 7,8% og 5,7% á þeim opinbera á sama tíma.

Það er athyglisvert að gamla launavísitalan mælir 7,2% ársbreytingu fram til 1. ársfjórðungs 2018 en heildarlaunavísitalan mælir 4,9%. Þetta er mikill munur. Möguleg skýring gæti verið að óregluleg laun eins og t.d. kaupaukar hafi verið miklir í upphafi ársins 2017 og mun minni á sama tíma 2018. Vísitala heildarlauna mælir þessar stærðir en launavísitalan ekki.

Gott að fá nýtt mælitæki

Vísitala heildarlauna er góð viðbót við þær upplýsingar sem notaðar eru til þess að mæla þróun launa og tekna. Þessar stærðir skipta miklu máli fyrir þróun efnahagslífsins og nauðsynlegt að mælingar á þróun þeirra séu sem bestar.

Breyting heildarlauna og launavísitölu - 1 ársfj. 2017 - 1. ársfj. 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.